

Forsætisráðuneytið
b.t. Ragnhildar Arnljótsdóttur, ráðuneytisstjóra
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2021
Tilv.: 2104015

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, vegna Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Carbfix ohf.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 21. apríl 2021 um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „upplýsingalög“) vegna erindis frá fjórum félögum sem öll eru dótturdótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur. Félögin sem um ræðir eru Orka náttúrunnar ohf. (hér eftir „ON“), ON Power ohf. (hér eftir „ON Power“), Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (hér eftir „Gagnaveita Reykjavíkur“) og Carbfix ohf. (hér eftir „Carbfix“). Meðfylgjandi umsagnarbeiðninni voru bréf framangreindra félaga til forsætisráðherra, dags. 24. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að ef starfsemi lögaðila, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna, er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitastjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðilinn skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka. Í fyrirnefndum tilvikum er um að ræða undanþágu frá meginreglu upplýsingalaganna um upplýsingarétt almennings samkvæmt lögum.
3. Í athugasemdum við 2. mgr. 2. gr. í frumvarpi því er varð að upplýsingalögum, kemur m.a. fram að með 51% eignarhlut opinberra aðila sé átt við að lögin taki til lögaðila sem hið opinbera á að 51% hlut eða meira, óháð því hvort um beina eignaraðild sé að ræða eða ekki. Þannig getur skilyrðinu um 51% eignarhlut einnig verið fullnægt með óbeinni eignaraðild, svo sem þegar um er að ræða eignarhald í gegnum einn eða fleiri lögaðila sem aftur eru í eigu opinberra aðila. Lögin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir og dótturfélög þeirra.
4. ON Power, Carbfix, ON og Gagnaveita Reykjavíkur eru öll í 100% eigu Orkuveitu Reykjavíkur – Eigna ohf., sem er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sef. (hér eftir „Orkuveita Reykjavíkur“). Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar. Samkvæmt framangreindu taka upplýsingalögin til Orkuveitu Reykjavíkur – Eigna ohf. og dótturfélaga þess, ON Power, Carbfix, ON og Gagnaveitu Reykjavíkur.
5. Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 kemur fram að undanþáguheimild 3. mgr. 2. gr. laganna beri að skýra þröngt og sé fyrst og fremst til hagræðingar við beitingu laganna. Í athugasemdum við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að



skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt er tekið fram að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Þá er einnig tekið fram að undanþágunni ber að beita með mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að samkvæmt 3. tölul. 10. gr. frumvarpsins (4. tölul. 10. gr. upplýsingalaga) sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. er á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

6. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ljóst að umsögn stofnunarinnar eigi að varða og fjalla um starfsemi félaganna og markaðsaðstæður á þeim sviðum sem þau starfa á, og þá sérstaklega hvort starfsemi hlutaðeigandi sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

1. Umsögn um ON, ON Power, Gagnaveitu Reykjavíkur og Carbfix

7. Í eftirfarandi umsögnum er byggt á upplýsingum og gögnum sem forsætisráðuneytið hefur lagt eftirlitinu til. Þá taka umsagnirnar eðli máls samkvæmt mið af starfsemi umræddra félaga í samræmi við rekstur og starfsemi þeirra þegar umsögn þessi er rituð.

1.1. ON og ON Power

8. Raforkulög nr. 65/2003 (hér eftir „raforkulög“), með síðari breytingum, gera ráð fyrir því að flutningur og dreifing rafmagns sé háð einkaleyfum en að framleiðsla og sala rafmagns sé hverjum sem er heimil og þar með sé um samkeppnisstarfsemi að ræða. Í samræmi við skipan raforkumála í raforkulögnum hefur raforkumarkaðnum á Íslandi verið skipt í eftirfarandi fjóra undirmarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2006:
 - Markaður fyrir framleiðslu/vinnslu og heildsölu rafmagns;
 - Markaður fyrir dreifingu rafmagns;
 - Markaður fyrir flutning rafmagns og
 - Markaður fyrir smásölu á rafmagni til endanota (tvískiptur flokkur, annars vegar almennur hluti og hins vegar stórnotendahluti).
9. Þann 1. janúar 2019 var starfsemi ON skipti í tvö félög, annars vegar ON, sem er með íslenska krónu sem starfrækslugjaldmiðil, og hins vegar í ON Power, sem er með bandaríkjadal sem starfrækslugjaldmiðil. Meginmunurinn á þessum tveimur félögum felst í mismunandi starfrækslugjaldmiðlum. Bæði félögin starfa á markaði fyrir framleiðslu/vinnslu og heildsölu rafmagns og markaði fyrir smásölu á rafmagni til endanotenda. Á hinn bóginn starfa félögin á sitt hvorum af tveimur undirmörkuðum fyrir smásölu, þ.e. ON starfar á almennum markaði en ON Power á stórnotendamarkaði.



1.1.1. ON

10. ON framleiðir og selur rafmagn til endanotenda á almennum markaði og félagið lýtur sem slíkt eftirliti Orkustofnunar. Starfsemi ON felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakílsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði. Þá kemur félagið að rekstri jarðhitasýningar, götulýsinga og hleðslustöðva.
11. Samkvæmt upplýsingum Orkuveitu Reykjavíkur eru helstu keppinautar ON Orkusalan, Íslensk Orkumiðlun, Orkubú Vestfjarða, Orka heimilanna, HS orka og Fallorka. Fyrir liggur að einn helsti keppinautur ON, Orkusalan ehf., sem er í eigu RARIK ohf., hlutafélags í eigu íslenska ríkisins, hefur hlotið undanþágu frá upplýsingalögum með ákvörðun forsætisráðuneytisins, dags. 10. október 2019, sbr. auglýsingu nr. 881/2019. Samkeppniseftirlitið veitti umsögn vegna beiðni um undanþágu, dags. 23. ágúst 2019 þar sem eftirlitið féllst á að Orkusalan ætti að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna.
12. Raforkulögin gera það að skilyrði að leyfi Orkustofnunar þurfi til að stunda raforkuviðskipti og hefur Orkustofnun jafnframt eftirlit með fyrirtækjum á markaðnum. Átta fyrirtæki á markaðnum hafa fengið leyfi og eru það Fallorka ehf., HS Orka hf., Íslensk Orkumiðlun ehf., Orka Heimilanna ehf., Orka Náttúrunnar ohf., Orkubú Vestfjarða ohf., Orkusalan ehf. og Straumlind ehf. Markaðurinn einkennist þannig af fyrirtækjum sem mörg hver eru lóðrétt samþætt. Þannig mynda HS orka og HS veitur samstæðu. Hið sama á við um Norðurorku og Fallorku, sem og Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur innan sinnar samstæðu Veitur og ON. Að lokum má geta samstæðu Rariks og Orkusölnnar.
13. Við aðstæður sem þessar, þar sem markaður fyrir framleiðslu og sölu rafmagns á Íslandi er á höndum fárra fyrirtækja, getur skapast hættá á skertu samkeppnislegu sjálfstæði keppinauta. Þannig getur myndast jarðvegur fyrir þegjandi samhæfingu (e. *tacit collusion*) á orkumarkaði líkt og á öðrum fákeppnismörkuðum. Kunná aðstæður að þróast þannig að fyrirtæki geti tekið gagnkvæmt tillit hvert til annars í stað þess að keppa af krafti. Fyrirtækin geta með því móti séð sér hag í því að verða samstíga í markaðshæðun, t.d. geta þau takmarkað framboð á vöru eða þjónustu til að geta hækkað söluverð með það að leiðarljósi að samræmd markaðshæðun leiði til hámarkunar sameiginlegs hagnaðar. Vart þarf að rökstyðja að slík hæðun fyrirtækja er skaðleg fyrir almenning.
14. Með hliðsjón af framangreindu er því mikilvægt að hið opinbera raski ekki samkeppnislegu sjálfstæði keppinauta á orkumarkaði með því að hluti markaðarins lúti ítarlegri upplýsingaskyldu umfram það sem almennt gerist á samkeppnismörkuðum.
15. ON hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félagsins er einkaréttarlegs eðlis og talið er að félagið stundi ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu íslenska ríkisins gegnum móðurfélög sín. Þannig sinnir félagið hefðbundinni starfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Ef ON væri skyldugt til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum telur Samkeppniseftirlitið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppilegt væri í samkeppni keppinauta. Hér skal einnig haft í huga að keppinautur ON, Orkusalan ehf., hefur þegar fengið umrædda undanþágu frá upplýsingalögum.



16. Að öllu framangreindu virtu mælir Samkeppniseftirlitið með því að Orku Náttúrunnar ohf. verði veitt undanþága frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

1.1.2. ON Power

17. ON Power framleiðir og selur rafmagn til endanotenda á stórnotendamarkaði og lýtur félagið eftirliti Orkustofnunar. Starfsemi ON Power felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Hellisheiðarvirkjun, kaup og sölu á rafmagni á heildsölumarkaði, sölu á rafmagni til stórnotenda í erlendum gjaldmiðli ásamt rekstri og uppbyggingu jarðhitagarðs.

18. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur er Landsvirkjun helsti keppinautur ON Power. Fyrir liggur að Landsvirkjun fékk undanþágu með upplýsingalögum með ákvörðun forsætisráðuneytisins, dags. 1. júlí 2019, sbr. auglýsing nr. 625/2015. Samkeppniseftirlitið veitti umsögn vegna beiðni um undanþágu, dags. 19. júní 2019 þar sem eftirlitið féllst á að Landsvirkjun ætti að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna.

19. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, frá nóvember 2011, *Fyrirtækjaaðskilnaður á rafmagnsmarkaði*, kemur fram að Landsvirkjun framleiðir langmest af raforku á Íslandi, eða sem nam 74% á árinu 2010. Samanlagt voru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur sf. og HS Orka hf. með 97% af allri raforkuvinnslunni í landinu fyrrnefnt ár. Þær markaðshlutdeildartölur voru taldar í samræmi við hlutdeildartölur í skýrslu Samtaka iðnaðarins frá 2. júní 2016, *Our Energy 2030, Efficiency, competitiveness and transparency in the Icelandic energy sector*, en umrædd skýrsla var unnin af Lars Christensen hagfræðingi. Í skýrslunni kom m.a. fram að Landsvirkjun sé með 71% hlutdeild, ON með 19% og HS Orka með 7,4% hlutdeild.¹ Samkvæmt skýrslu Reykjavík Economics og Intellecton sem unnin var fyrir Landsvirkjun og birt í janúar 2019, kom fram að samkvæmt tölulegum gögnum frá Orkustofnun, hafi markaðshlutdeild ekki breyst að ráði. Landsvirkjun sé með 73% hlutdeild, ON með 18% og HS Orka með 6%.²

20. Samkeppniseftirlitið fellst á það að ON Power stundar ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Eins og áður segir starfar ON Power að mestu leyti við vinnslu raforku sem lýtur lögmálum frjálsrar samkeppni samkvæmt raforkulögunum. ON Power er þannig að öllu leyti í samkeppni á umræddum mörkuðum við fyrirtæki sem ýmist eru í eigu hins opinbera eða einkaaðila sem falla utan gildissviðs upplýsingalaga, líkt og HS Orka. Hér skal einnig höfð í huga sterk staða Landsvirkjunar á markaði, en Landsvirkjun er undanþegið upplýsingalögum. Þá ítrekar Samkeppniseftirlitið að raforkumarkaðurinn á Íslandi einkennist af fáum fyrirtækjum sem flest eru lóðrétt samþætt, sbr. nánari umfjöllun í kafla 1.1.1. hér að framan.

21. ON Power hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsáskvarðanir eða sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Það að sum fyrirtæki á samkeppnismarkaði séu skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum, en önnur ekki, getur skapað hættu á ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppileg getur verið í samkeppni keppinauta.

22. Með hliðsjón af framangreindu er því mikilvægt að hið opinbera raski ekki samkeppnislegu sjálfstæði keppinauta á orkumarkaði með því að hluti markaðarins lúti ítarlegri upplýsingaskyldu umfram það sem almennt gerist á samkeppnismörkuðum.

¹ Lars Christiansen, „*Our Energy 2030, Efficiency, competitiveness and transparency in the Icelandic energy sector*“, <http://www.si.is/media/orku-og-umhverfismal/Iceland-Energy-2030.pdf>, bls 5.

² Reykjavík Economics & Intellecton, „*Orkuauðlindir Íslendinga og hagsæld til framtíðar*“, <https://www.landsvirkjun.is/Media/landsvirkjun-skyrsla-jan2019-lok.pdf>, bls. 12.



23. Að öllu framangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið að rök standi til að ON Power ehf. fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna.

1.2. Gagnaveita Reykjavíkur

24. Gangaveita Reykjavíkur er fjarskiptafyrirtæki sem hóf starfsemi 1. janúar 2007 þegar það keypti eignir úr starfsemi Orkuveitur Reykjavíkur. Tilgangur félagsins er rekstur og uppbygging háhraðagagnaflutningskerfis. Gagnaveita Reykjavíkur á og rekur ljósleiðarakerfi sem liggur að mestu um höfuðborgarsvæðið þar sem búið er að tengja við kerfið tugþúsundir heimila og hundruð fyrirtækja. Þá nær kerfið einnig til hluta Vesturlands og Suðurlands. Um ljósleiðarakerfið rekur félagið opið net fjarskipta þar sem tengdir aðilar á þjónustusvæði félagsins geta fengið háhraða internet, sjónvarps- og símaþjónustu ýmissa fjarskiptafyrirtækja. Í erindi Gagnaveitu Reykjavíkur kemur fram að fyrirtækið lúti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar.
25. Samkeppniseftirlitið hefur talið fjarskiptamarkaðinn á Íslandi skiptast í nokkra undirmarkaði, þ.á m. rekstur grunnkerfa fyrir fjarskipti á Íslandi (heildsala) en einnig almenna talsíma-, og gagnaflutnings- og farsímaþjónustu, sbr. nánar skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, bls. 105.
26. Samkeppniseftirlitið telur starfsemi Gagnaveitunnar tilheyra fyrrgreindum markaði fyrir grunnkerfi fjarskipta en einnig fellur hluti af starfsemi fyrirtækisins undir almenna gagnaflutningsþjónustu sem fyrirtækið býður fyrirtækjum og heimilum. Á þessum fyrrgreindu mörkuðum er Gagnaveita Reykjavíkur í samkeppni við önnur fjarskiptafyrirtæki sem reka fjarskiptanet og almenna gagnaflutningsþjónustu hér á landi. Helsti keppinautur félagsins er Míla ehf., dótturfélag Símans hf., sem skráð er á markað.
27. Fyrir liggur að Gagnaveita Reykjavíkur sótti um og hlaut undanþágu frá upplýsingalögum árið 2013, sbr. ákvörðun forsætisráðuneytisins, dags. 20. desember 2013. Samkeppniseftirlitið veitti umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga þann 9. desember 2013. Sú undanþága gildi til 1. janúar 2017 og að gildistíma hennar lokinni var ekki óskað eftir því við eigendur að sótt yrði um endurnýjun undanþágunnar. Með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið ekki greint breytingu á starfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur frá fyrri umsögn eftirlitsins frá 9. desember 2013.
28. Gagnaveitu Reykjavíkur hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnýslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félagsins er einkaréttarlegs eðlis og talið er að félagið stundi ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu íslenska ríkisins gegnum móðurfélög sín. Þannig sinnir félagið hefðbundinni starfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Ef Gagnaveita Reykjavíkur væri skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum telur Samkeppniseftirlitið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppilegt væri í samkeppni keppinauta. Hér skal einnig höfð í huga sterk staða Mílu ehf./Símans hf. á markaði fyrir fjarskiptagrunnkerfa og tengda þjónustu.
29. Að öllu framangreindu virtu mælir Samkeppniseftirlitið með því að Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. verði veitt undanþága frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.



1.3. Carbfix

30. Carbfix hóf starfsemi 1. janúar 2020 og er hlutverk þess að stuðla að frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum.
31. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur eru helstu keppinautar Carbfix fyrirtæki í olíu- og gasiðnaði svo sem Equinor og Total. Einnig eru fyrirtæki sem bjóða upp á förgun og/eða hagnýtingu koltvíoxíðs í samkeppni við félagið, s.s. C-Capture og Baker Hughes. Þá telur Orkuveita Reykjavíkur að það kunni að skapast grundvöllur fyrir samkeppni frá innlendum ráðgjafarfyrirtækjum í ljósi þróunar þessara mála hér á landi með mögulegri tilkomu lagaákvæða um geymslu koldíoxíðs í jörðu.
32. Carbfix hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsáskvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnsýslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félagsins er einkaréttarlegs eðlis og talið er að félagið stundi ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu íslenska ríkisins gegnum móðurfélög sín. Þannig sinnir félagið hefðbundinni starfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.
33. Að öllu framangreindu virtu mælir Samkeppniseftirlitið með því að Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. verði veitt undanþága frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

1.4. Niðurstaða

34. Líkt og fram kemur að framan hefur hvorki Orku Náttúrunnar, ON Power, Gagnaveitu Reykjavíkur né Carbfix verið falið að taka stjórnvaldsáskvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnsýslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða teljist að öðru leyti þáttur í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félaganna er þannig einkaréttarlegs eðlis og félögin stunda ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar í gegnum móðurfélög sín. Ef félögin væru skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum telur Samkeppniseftirlitið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppilegt væri í samkeppni keppinauta.
35. Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til fyrri umsagna Samkeppniseftirlitsins um félögin, gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við að Orku Náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Carbfix ohf. verði veitt undanþága frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið